

Skipulagsstofnun

Laugavegi 166

150 Reykjavík

12. apríl 2010

**Efni bréfs: Tilkyning Skipulagsstofnunar um jarðgerð
Gámaþjónustunnar við Berghellu 1, Hafnarfirði í samræmi við j-lið 11.tl
2. í viðauka við lög nr. 106/2000**



Mynd 1. Móttöku- og flokkunarstöð Gámaþjónustunnar hf Berghellu Hafnarfirði (júni 2010)

Við Berghellu 1 Hafnarfirði er athafnasvæði Gámaþjónustunnar hf. Þar er m.a. móttöku- og flokkunarstöð, söfnunarstöð (endurvinnslustöð) fyrir einstaklinga og fyrirtæki auk jarðgerðar.

Við umsókn vegna starfsleyfis móttöku- og flokkunarstöðvarinnar við Berghellu Hafnarfirði hjá Umhverfisstofnun vaknaði sú spurning hvort jarðgerðin sem hefur talist hluti af starfsemi móttökustöðvarinnar væri tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar og því er þessi tilkynning gerð í samræmi við tilmæli Umhverfisstofnunar.

Skipulag, lýsing á staðhättum og áhrif á umhverfið.

Gámaþjónustan hefur haft starfsemi í Berghellu frá árinu 1999 en þá úthlutaði Hafnarfjarðarbær félaginu lóðinni í skiptum fyrir lóð að Reykjanes 950. Fyrsti áfangi móttöku- og flokkunarstöðvar reis árið 2000 en jarðgerð félagsins var þá í Hamranesi Hafnarfirði og síðar í Álfsnesi í opnum múgum í samvinnu við Sorpu.

Jarðgerðin í Berghellu í nýrri jarðgerðarstöð þar sem notaðir eru lokaðir gámar hófst fyrir upp tveimur árum og hefur verið áfallalaus.

Minnt skal á að svæði Gámapjónustunnar hf við Berghellu er á skipulagssvæði Hafnarfjarðarbæjar þar sem gert er ráð fyrir grófasta iðnaðinum (B3), þar sem þó skal gæta stöngustu kröfum um mengunarvarnir til að hafa sem minnst áhrif á umhverfi sitt eins og segir í skilmálum deiliskipulagsins (sjá neðar).

Við skipulagið var þess gætt að minnsta kosti í upphafi aðeins fyrirtæki sem hæfðu svæðinu hefðu þar starfsemi en öðrum fyrirtækjum var þá beint annað.

Úr skilmálum fyrir deiliskipulag 1. áfangi Kapelluhrauns Hafnarfirði

1.6 Flokkun atvinnusvæða

Deiliskipulag Kapelluhrauns er hluti af heildarskipulagi nýrra atvinnusvæða sem ná suður fyrir Straumsvík og að athafnasvæðum á Selhrauni. Öll starfsemi fellur undir nýja flokkun á atvinnusvæðum. Þessi flokkun byggir meðal annars á því að flokka saman skylda starfsemi, þannig að hvert fyrirtæki geti valið sér það umhverfi sem því hentar best, og komið sé í veg fyrir neikvæð umhverfisáhrif á milli fyrirtækja. Deiliskipulagið fyrir Kapelluhraun verður í flokki B3. Starfsemi í flokki B3 gerir ráð fyrir atvinnustarfsemi sem þarf að gæta ströngustu kröfum um mengunarvarnir til að hafa sem minnst áhrif á umhverfi sitt. Sbr. lög um hollustuhætti og mengunarvarnir 7/1998.

Til starfsemi í flokki B3 má nefna malbikunarstöðvar, steypistöðvar, verkstæði og framleiðsluönað. Allar lóðir miðast við starfsemi í flokki B3.

Athafnasvæðið við Berghellu var síðan stækkað með lóðaúthlutun frá Hafnarfjarðarbæ og er nú alls rúmlega 7 ha.



Mynd 2. Athafnasvæði Gámapjónustunnar hf Berghellu Hafnarfirði á skipulagssvæði fyrir grófasta iðnað B3. (okt 2008)

Undanfarin ár hefur ýmiss starfsemi verið rekin í Berghellu svo sem móttöku- og flokkunarstöð, timburtæting og nú síðustu ár jarðgerð eins og áður er greint. Öll verið undir eftirliti starfsmanna Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Garðabæjar sem gefið hefur út starfsleyfi til þessa. Leitast hefur verið við að fylgja þeirra leiðbeiningum um úrbætur þegar ábendingar þess eðlis hafa borist.

Gámaþjónustan hf hefur leitast við að haga starfsemi sinni á þann hátt að áhrif á umhverfið verði sem minnst en allri atvinnustarfsemi fylgir einhver áhrif á næsta nágrenni. Tækjanotkun getur fylgt hávaði og vafalaust leiðir starfsemin til aukinnar umferðar. Í undantekningartilfellum gæti í undantekningartilfellum óæskileg lykt borist frá starfseminni en og til að tryggja að svo verði ekki þá hefur verið ákveðið að eftirmeðferð við moltugerðina verði flutt annað (sjá aftar í þessu skjali).

Í heild má segja að í þau tíu ár sem starfsemi Gámaþjónustunnar hefur verið í Berghellu Hafnarfirði þá hafi hún verið hluti af iðnaðinum í Helluhrauni og í ágætu samkomulagi við umhverfi sitt, nágrenna og yfirvöld. Næstu nágrennar Gámaþjónustunnar hf með sameiginleg lóðamörk eru Fura málmendurvinnsla Hringhelli 3, Zinkstöðin Stekkur Berghellu 2, USH Sandblástur og málung Berghellu 2.

Fullyrða má að frágangur á öllum ytri lóðamörkum fyrirtækja Gámaþjónustunnar hf í iðnaðarhverfinu í Helluhrauni Hafnarfirði sé samkvæmt lóðaskilmálum (girðing trjágróður o s frv) sem er meira en hægt er að segja um ýmsa aðila á svæðinu.



Mynd 3. Lóðamörk Gámaþjónustunnar við Berghellu. Myndin er tekin á 25 ára afmæli Gámaþjónustunnar hf í júní 2010.

Lýsing á jarðgerð hjá Gámapjónustunni efnum, verkferlum og tækjum.

Helstu magntölur efna sem notuð eru í jarðgerð í Berghellu.

Samtals móttekið magn af efnum til jarðgerðar árið 2009.

Gras:	72 tonn	efni sem berst eingöngu á sumrin.
Trjágreinir:	95 tonn	efni sem berst allan ársins hring.
Hrossatað:	324 tonn	efni sem berst eingöngu á veturna.
Lífrænt:	996 tonn	efni sem berst allan ársins hring og samanstendur af ávöxtum og grænmeti frá stórmörkuðum, smærri verslunum og innflytjendum, einnig eldaður úrgangur úr mótuneytum fyrirtækja og stofnana á höfuðborgarsvæðinu ²⁾ .

Samtals: 1.487 tonn.

Trjágreinarnar eru tættar niður og settar á lager, hrossatað og gras er einnig lagerað upp Lífrænn úrgangur er settur beint úr söfnunarbílum eða gámum í sérstakt lager síló þar sem efni er tekið úr því eftir hendinni.

Þessa dagana er verið að koma hinu nýja síló fyrir. Það mun auðvelda geymslu og meðhöndlun lífræna úrgangsins áður en til blöndunar kemur.



Mynd 4. Hið nýja síló. Séð ofanfrá.

Hingað til hefur efnið lífræna efnið verið lagt út á 20-40 cm þykkt timburflísarlag sem komið er fyrir á malbikaða planinu. Efnið hefur síðan verið hulið með timburflís



Mynd 5. Allu-skófla

ef það hefur þurft að bíða blöndunar. Þessum efnum er síðan blandað saman eftir ákveðinni uppskrift. Þá er það sett í gegnum tættara á svokallaðri Allu-skóflu til að ná enn betri blöndun og til að gera efnið sem einsleitast.

Því næst er því mokað í sérstaka jarðgerðargáma. Í hvern gám fara upp 20 tonn, gámarnir eru fjórir og er hægt að jarðgera að hámarki um 2.000 tonn í þeim á ári.

Jarðgerðin sjálf er fólgin í loftháðum breytingum efnisins og fer fram í 30m³ gámum sem eru einangraðir og með fölsku gólfi með gataðri plötu ¹⁾. Þegar búið er að fylla gámana af efni sem á að jarðgera er lofti blásið inn undir gataplötuna og útloftunin söguð út að ofan og fer það síðan í stökk sem er leiddur í sérstakan biofilter sem samanstendur af timburflís. Timburflísinn er endurnýjuð einu sinni á ári. Hún fangar alla lykt og er þessi hluti ferilsins lyktarlaus. Sá vökvi sem kemur

frá gámunum í þessu ferli er leitt í setpró þar sem föst efni setjast til botns en hreint vatn fer í jarðveginn eins og raunar allt regnvatn á svæðinu. Innblæstri lofts og útsogi er stjórnað miðlægt í iðnaðartölvu. Hiti er mældur reglulega og teiknast upp á graf á móti tíma. Miðað er við að hitinn sé 65-70°C í amk tvo daga og er haft eftirlit með því að svo sé raunin.



Mynd 6. Jarðgerðargámar og bíofilter við Berghellu

Þegar efnið er búið að vera í gámunum í 12 til 14 daga eru gámarnir tæmdir á malbikað plan til eftirmeðferðar. Þar er efninu mokað upp í hauga (múga) 150-200m³ og þeir látnir standa í 8-10 vikur. Efninu er síðan mokað til einu sinni í viku á þeim tíma til að koma súrefni að og hleypa útloftuninni út sem ennþá kann að vera í efninu. Smávægileg lykt kemur af þessum hluta ferilsins. Allt yfirborðsvatn þ.e. rigningarvatn og það sem kemur af efninu rennur af planinu í setpró þar sem föst efni setjast til og hreint vatn rennur út í hraunið. Því næst er efnið harpað (sigtað), tekið út úr því stærri trjágreinar sem ekki hafa brotnað alveg niður og einnig steinar og grjót. Að því loknu er efnið tilbúið til notkunar. Efnið (moltan) hentar vel til áburðargjafar í beð og garða.

Nú í byrjun apríl 2010 hefur orðið að ráði að eftirmeðferðin verði flutt til Keflavíkur nánar tiltekið til gamla Pattersonflugvallar en þar hafa samtökin „Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs“ verið með jarðgerð. Þetta er gert til að tryggja að nægjanleg loftun verði í efninu. Þar verður efninu snúið með sérhæftri moltumúgavél sem er í eigu Gámaþjónustunnar hf. Leyfi frá Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja hefur fengist fyrir þessari breytingu.



Mynd 7. Moltumúgavél

Tekið skal fram að hvorki sláturúrgangur, hrátt kjöt né hrár fiskur er meðhöndlaður í jarðgerðarferli Gámaþjónustunnar hf.


Að lokum:

Gámaþjónustan hf bauð starfsmönnum Skipulagsstofnunar þeim Rut Kristinsdóttur sviðstjóra umhverfissviðs og Þóroddi Þóroddssyni sérfræðingi við mat á umhverfisáhrifum í heimsókn í Berghellu Hafnarfirði til að fulltrúar stofnunarinnar gætu gert sér sem best grein fyrir starfsemi, jarðgerðinni sem

öðru. Þágu þau boðið. Stjórnarformaður Gámaþjónustunnar hf og stöðvarstjóri í Berghellu fylgdu þeim um svæðið 12. mars sl sýndu og útskýrðu alla þætti starfseminnar eftir því sem við varð komið.

Tilkynning þessi er send Skipulagsstofnun í 6 eintökum að beiðni stofnunarinnar.

Fyrir hönd Gámaþjónustunnar hf



Elías Ólafsson stjórnarformaður

1) Jarðgerðarbitnaðurinn er frá fyrirtæki á Írlandi sem nú nefnist Celtic BioEnergy og er notaður víða um heim.

Gearagh Road, Ballinacurra, Midleton, County Cork, Ireland | +353 (0) 21 4621721 | info@celticbioenergy.com

<http://www.celticcomposting.com/gallery.php?Image=&GalleryID=11>

2) Leiðbeiningar fyrir viðskiptavinum Gámaþjónustunnar:

http://www.gamar.is/images/stories/sent_april8_pdf/lifraen-sofnun.pdf

**JARÐGERÐ Á VEGUM GÁMAÞJÓNUSTUNNAR HF,
BERGHELLU 1, HAFNARFIRÐI**

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að jarðgerð Gámaþjónustunnar hf. sé ekki líkleg til að hafa hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Gámaþjónustan hf. og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 8. júní 2010.



INNGANGUR

Þann 12. apríl 2010 tilkynnti Gámaþjónustan hf. jarðgerðarstöð á svæði fyrirtækisins að Berghelli 1 í Hafnarfirði til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 11 j í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Hafnarfjarðarbæjar og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Hafnarfjarðarbæ með bréfi dags. 27. apríl 2010 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 3. maí 2010. Frekari upplýsingar bárust frá Gámaþjónustunni hf. með töluvpósti dags. 30. apríl 2010.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fyrirhuguð framkvæmd.

Í tilkynningu Gámaþjónustunnar kemur fram að framkvæmdin felist í því að tekið sé við lífrænum úrgangi og honum umbreytt í moltu. Um sé að ræða gras, trjágreinar, hrossatað og annan lífrænan úrgang sem samanstandi af ávöxtum og grænmeti frá stórmörkuðum og innflytjendum og elduðum mat frá mötuneytum. Sérstaklega er tekið fram að hvorki sláturúrgangur né hrátt kjöt eða fiskur sé meðhöndlaður í jarðgerðarferlinu. Moltan henti því vel til áburðargjafar í beð og garða. Fram kemur að trjágreinar séu tættar niður og settar á lager á plani ásamt hrossataði og grasi en annar úrgangur fari í síló sem tekið er úr eftir hendinni. Öllum úrganginum sé blandað saman, hann tættur svo efnið verði sem einsleitast og síðan settur í sérstaka lokaða jarðgerðargáma. Um 20 tonn fari í hvern gám, sem séu fjórir og geti tekið við allt að 2000 tonnum á ári. Lofti sé blásið upp í gegnum úrganginn og það síðan leitt í gegnum haug af timburflís sem fangi lykt úr loftinu. Vökvi úr gámunum fari í setþró þar sem föst efni setjist en vatnið síðan leitt út í jarðveg eins og allt regnvatn af svæðinu. Eftir 12-14 daga í gámunum sé efnið sett í haug á malbikuðu plani og því mokað til einu sinni í viku í 8-10 vikur. Í byrjun apríl 2010 hafi verið ákveðið að flytja efnið beint úr gámunum á svokallaðan Pattersonflugvöll í Reykjanesbæ, þar sem betur verði hægt að tryggja nægilega loftun moltunnar en samtökin Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs hafi áður verið með jarðgerð á Pattersonflugvelli.

Fram kemur að fyrirtækið hafi leitast við að haga starfsemi sinni á þann hátt að áhrif á umhverfið yrðu sem minnst. Tækjanotkun fylgi þó alltaf hávaði og starfsemin leiði til aukinnar umferðar. Í undantekningartilfellum geti óæskileg lykt borist frá starfseminni, en í næsta nágrenni Gámaþjónustunar er önnur iðnaðarstarfsemi. Í frekari upplýsingum frá Gámaþjónustunni kemur fram að sótt hafi verið um leyfi til Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja til að lofta moltuna á Pattersonflugvelli og liggi fyrir að það muni verða veitt.

Fram kemur að framkvæmdin er innan 7 ha athafnasvæðis Gámaþjónustunnar sem er samkvæmt deiliskipulagi á svæði fyrir grófasta iðnað B3.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Í umsögnum Hafnarfjarðarbæjar og Umhverfisstofnunar kemur fram að ekki sé líklegt að framkvæmdin hafi umtalsverð umhverfiáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Áhrif á vatn. Hafnarfjarðarbær vísar til samráðs við Vatnsveitu Hafnarfjarðar sem telji að grunnvatni stafi ekki hættu af starfseminni. Umhverfisstofnun bendir á að ganga þurfi úr skugga um að það vatn sem leitt sé út í umhverfið hafi ekki skaðleg áhrif, en á slíku verði m.a. tekið við útgáfu starfsleyfis.

Áhrif á núverandi landnotkun. Hafnarfjarðarbær segir starfsemina rúmast innan núverandi deiliskipulags.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða jarðgerðarstöð á svæði Gámaþjónustunnar að Berghellu 1 í Hafnarfirði, sem felst í því að lífrænn úrgangur sem fellur til á höfuðborgarsvæðinu er endurnýttur með því að umbreyta honum í moltu sem nota má sem áburð í garða og beð.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 11 j í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.


Skipulagsstofnun telur að jákvæð áhrif jarðgerðarstöðvar Gámaþjónustunnar felist í því að lífrænum úrgangi er komið á endurnýtanlegt form. Helstu mögulegu neikvæðu áhrif starfseminnar gætu falist í áhrifum á grunnvatn og óþægindum vegna lyktar í næsta nágrenni Gámaþjónustunnar, en með tilliti til umfangs og staðsetningar starfseminnar er telur Skipulagsstofnun að þau áhrif verði ekki veruleg.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Gámaþjónustunnar hf. við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Gámaþjónustunnar hf. vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að jarðgerð Gámaþjónustunnar sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Gámaþjónustan hf. og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 8. júní 2010.





2010010016
9310

Gámaþjónustan hf.
Elías Ólafsson
Hringhellu 6
221 Hafnarfjörður

Reykjavík, 31. ágúst 2010

/--

Efni: Svar við fyrirspurn Gámaþjónustunnar vegna breytinga í tengslum við jarðgerð á Berghellu í Hafnarfirði.

Skipulagsstofnun hefur borist erindi frá Gámaþjónustunni hf. við Berghellu í Hafnarfirði með tölvupósti dags. 30. ágúst 2010. Stofnunin lítur svo á að í því felist fyrirspurn um málsmeðferð um mats skyldu framkvæmdar sem talin er upp í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Gámaþjónustan hf. tilkynnti þann 12. apríl 2010 til Skipulagsstofnunar jarðgerð á Berghellu í Hafnarfirði á grundvelli þess að um væri að ræða endurvinnslustöð sem væri tilkynningaskyld til stofnunarinnar á skv. tölulíð 11j í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Það var niðurstaða Skipulagsstofnunar í ákvörðun stofnunarinnar frá 5. maí sl. að jarðgerð Gámaþjónustunnar hf. væri ekki líkleg til að hafa hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skyldi því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Sú ákvörðun byggði á framlögðum gögnum framkvæmdaraðila og umsögnum Hafnarfjarðarbæjar og Umhverfisstofnunar. Í gögnum Gámaþjónustunnar kom fram að framkvæmdin fælist í því að tekið væri við lífrænum úrgangi og honum umbreytt í moltu á 7 ha athafnasvæði Gámaþjónustunnar í Hafnarfirði. Um væri að ræða gras, trjágreinar, hrossatað og annan lífrænan úrgang sem samanstæði af ávöxtum og grænmeti frá stórmörkuðum og innflytjendum og elduðum mat frá mótuneytum. Sérstaklega var tekið fram að hvorki sláturúrgangur né hrátt kjöt eða fiskur sé meðhöndlaður í jarðgerðarferlinu. Öllum úrganginum væri blandað saman, hann tættur og síðan settur í sérstaka lokaða jarðgerðargáma. Um 20 tonn færu í hvern gám, sem væru fjórir og gætu tekið við allt að 2000 tonnum á ári. Vökvi úr gámunum færu í setþró þar sem föst efni setjist en vatnið síðan leitt út í jarðveg eins og allt regnvatn af svæðinu. Eftir 12-14 daga í gámunum væri efnið sett í haug á malbikuðu plani og því mokað til einu sinni í viku í 8-10 vikur. Ætlunin væri að flytja efnið beint úr gámunum á svokallaðan Pattersonflugvöll í Reykjanesbæ, þar sem betur verði hægt að tryggja nægilega loftun moltunnar.

Í erindi Gámaþjónustunnar sem barst Skipulagsstofnun þann 30. ágúst kemur fram að nú sé unnið að starfsleyfi til 16 ára og í því óski fyrirtækið eftir því að geta tekið á móti samtals 4000 tonnum af hráefni (án stoðefnanna) til moltugerðarinnar. Jafnframt kemur fram að

almennt verði eftirmeðferð jarðgerðarinnar innan lóðarinnar á Berghellu, nema mistök verði við vinnsluna og þá hafi fyrirtækið leyfi heilbrigðisyfirvalda á Suðurnesjum til þess að færa eftirvinnsluna til Suðurnesja.

Í umsögnum þeim sem bárust stofnuninni síðast liðið vor kom fram að Hafnarfjarðarbær teldi að starfsemin rúmaðist innan deiliskipulags svæðisins. Umhverfisstofnun benti á að ganga þyrfti úr skugga um að það vatn sem leitt er út í umhverfið hafi ekki skaðleg áhrif, en á slíku verði m.a. tekið við útgáfu starfsleyfis. Hvorki Umhverfisstofnun né Hafnarfjarðarbær töldu að framkvæmdin kynni að hafa umtalsverð umhverfisáhrif og skyldi því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun lítur svo á að þrátt fyrir að um sé að ræða breytingu og viðbót við þá starfsemi Gámaþjónustunnar hf. sem tilkynnt var inn til Skipulagsstofnunar í apríl sl. kunni hún ekki að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og falli því ekki undir tölulið 13 a í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum þar sem stendur " *Allar breytingar eða viðbætur við framkvæmdir skv. 1. eða 2. viðauka sem hafa þegar verið leyfðar, framkvæmdar eða eru í framkvæmd og kunna að hafa umtalsverð umhverfisáhrif.* "

Skipulagsstofnun telur að helstu mögulegu umhverfisáhrif sem stafað geta af starfseminni felist í áhrifum á grunnvatn og mögulegri lyktarmengun, sem Umhverfisstofnun hefur bent á að tekið verði á við útgáfu starfsleyfis.


Rut Kristinsdóttir

Afrit: Umhverfisstofnun, Hafnarfjarðarbær